

## 21. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

### kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

1. febrúar 2022 kl. 15.00

**MÆTT:** Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Einnig sóttu fundinn Ingveldur Eiríksdóttir leikskólastjóri og Edda Arndal, fulltrúi foreldraráðs. Brynja S. Pálsdóttir, fulltrúi starfsfólks, boðaði forföll.

#### FUNDURINN FÓR FRAM Í HÚSNÆÐI LEIKSKÓLANS UNDRALANDS

#### Dagskrá:

1. Starfið að undanfögnu
2. Skóladagatal næsta árs
3. Leikskólinn okkar

Formaður bauð fundarfólk velkomið á fundinn og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Gengið var til dagskrá.

#### 1. Starfið að undanfögnu

Leikskólastjóri fór yfir starfsemi leikskólans að undanfögnu. Hún ræddi um starfsmannamál, viðtöl við foreldra og starfsfólk, sjálfbærni deilda og stöðugildi á hverri deild fyrir sig, fyrirkomulag skóladagatal leikskólans fram á komandi vor. Hún fór einnig yfir áhuga starfsfólks á að færa starfsdagana 22. apríl og 25. apríl yfir til 25. og 27. maí. Nýta á þá starfsdaga til heimsóknna innanlands frekar en erlendis.

Rætt var um starfseflingarferð og hópefli. Að heimsækja leikskóla og hitta framsýna leikskólakennara.

Námskeið í gegnum Teams er fyrirhugað 5. apríl og er óskað eftir breytingu á skóladagatali vegna þessa, starfsdagur þann 1. júlí yrði þá felldur niður í staðinn.

Þá ræddi leikskólastjóri um fyrirkomulag starfsmannafunda og samstarfs á milli deilda og þróunarvinnu.

Skólanefnd þakkar leikskólastjóra fyrir skýrsluna og samþykkir ofangreindar breytingar á skóladagatali leikskólans á yfirstandandi skólaári.

#### 2. Skóladagatal næsta árs

Leikskólastjóri fór yfir hugmyndir að skóladagatali næsta skólaárs, 2022 – 2023. Rætt var um nokkur atriði sem snúa að gerð dagatalsins, s.s. réttardaginn, vetrarfrí, fyrirkomulag starfsdaga og leikskólaopnun á milli hátíða.

Hrunamannahreppur



### 3. Leikskólinn okkar

Leikskólastjóri fór yfir búnað, húsnæði og lóð skólans og hvaða úrbætur þurfi að eiga sér stað.

Vinna þarf í skólalóðinni, sbr. athugasemdir frá Heilbrigðiseftirlitinu. Æskilegt er að setja saman 3 ára útbótaáætlun.

Einnig var rætt um bæta aðstöðuna og heildaryfirbragðið innanhúss, t.d. hvað varðar svefnaðstöðu yngri barna, nýtingu miðrymisins, fatahengi og útifataaðstöðu starfsfólks, lagfæringar í eldhúsi ofl.

Samþykkt að leikskólastjóri setji saman drög að úrbótaáætlun fyrir leikskólann til 3ja ára, sbr. ofangreint.

Undir þessum lið var rætt um næstu skref og áherslur í faglegu starfi og starfsmannahaldi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.30. Næsti fundur ákveðinn síðar.

